

Alþingi
Erindi nr. Þ / 33 / 1597
komudagur 14.3.2007



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.3.2007

Efni: Umsögn FÍN um frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar, 566 mál, heildarlög

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst bréf dags. 22. febrúar 2007 frá Umhverfisnefnd Alþingis þann 1. mars sl. þar sem farið er á leit að FÍN veiti umsögn eigi síðar en 5. mars 2007 um frumvarp til laga um meginreglur umhverfisréttar.

FÍN fagnar þessu frumvarpi því markmið þess er að stuðla að sjálfbærri þróun, sjálfbærri nýtingu umhverfisins og samþættingu umhverfissjónarmiða við önnur sjónarmið og draga úr neikvæðum áhrifum ákvarðana á umhverfið með hag núlifandi og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Afar nauðsynlegt er að vanda til leiðbeininga um útfærslu meginreglna sbr. 7. gr. Mikilvægt er að þær leiðbeiningar verði unnar í samráði við fagaðila á sviði náttúrufræði. FÍN leggur því til að í þeirri vinnu verði á ný leitað umsagnar eða haft samráð við fagaðila sem málinu tengjast, þ.m.t. náttúrufræðinga.

Með kveðju

Ina Björg Hjálmsdóttir

Ina Björg Hjálmsdóttir
formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga